

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2719  
komudagur 4.6.2010

**From:** Sigríður Guðmarsdóttir [mailto:sigridur.gudmarsdottir@kirkjan.is]

**Sent:** 4. júní 2010 12:46

**To:** Árni Þór Sigurðsson; Birgir Ármannsson; Ólöf Nordal; Róbert Marshall; Valgerður Bjarnadóttir; Vigdís Hauksdóttir; Þráinn Bertelsson; Ögmundur Jónasson

**Subject:** Tillaga 90 presta og guðfræðinga til Prestastefnu- send Allsherjarnefnd

485.mál

Ágæta Allsherjarnefnd Alþingis,

Við undirrituð sendum Allsherjarnefnd Alþingis tillögu níutíu presta og guðfræðinga sem lögð var fyrir Prestastefnu Íslands í Vídalínskirkju í apríl s.l. Þar sem þau lýsa yfir stuðningi sínum við framkomið frumvarp dómsmálaráðherra um ein hjúskaparlög í landinu. Í þeim hóp sem að tillögunni stendur eru 75 starfandi prestar, eða um 46% starfandi presta í Þjóðkirkjunni og þrír prófastar. Þar er einnig að finna sjö doktora í guðfræði og hafa fimm þeirra hafa sérmenntun í kristinni trúfræði, eitt í kirkjusögu og eitt í guðfræðilegri siðfræði. Á Prestastefnunni var lögð fram dagskrártillaga studd af biskupunum þremur um að vísa málinu til biskups Íslands en greiða ekki atkvæði um tillögu 90 menninganna. Var sú tillaga naumlega samþykkt og því voru atkvæði ekki greidd um tillögu okkar á stefnunni. Eftir sem áður var tillagan ekki dregin til baka og afstaða hinna 90 presta og guðfræðinga til frumvarpsins því skýr.

Okkur sem erum meðlimir í þeim hóp sem að tillögunni stóð langar því til að senda Allsherjarnefnd þessa tillögu til upplýsingar ásamt greinargerð og nöfnum 90 menninganna. Við viljum ennfremur lýsa yfir eindregnum stuðningi okkar við ein hjúskaparlög og von okkar um að lögin taki gildi 27. júní eins og stefnt hefur verið að.

Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson

Sr. Gylfi Jónsson

Sr. Ingileif Malmberg

Sr. Karl Valgarður Matthíasson

Sr. Kristinn Jens Sigurþórsson

Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir

Sr. Sigfinnur Þorleifsson

Sr. Sigríður Guðmarsdóttir

Sr. Sigrún Óskarsdóttir

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir

**Tillaga:**

“Prestastefna haldin í Vídalínskirkju 27.-29. apríl 2010 lýsir yfir stuðningi við lagafrumvarp dóms- og mannréttindamálaráðherra um ein hjúskaparlög á Íslandi. Prestastefna telur íslensku þjóðkirkjuna í stakk búna til að stíga þetta skref með ríkisvaldinu í ljósi ítarlegrar guðfræðilegrar umfjöllunar síðustu ára á kirkjulegum vettvangi um kirkju, kynhneigð og hjónaband.“

**Greinargerð:**

Frá setningu laganna um staðfesta samvist nr. 87/1996 hefur íslenska þjóðkirkjan fjallað um málefni samkynhneigðra á fimm Prestastefnum, árin 1996, 1997, 2005, 2006 og 2007. Á Prestastefnunni í Digranesirkirkju 1996 samþykkti stefnan ályktun um að kirkjan móti skýra stefnu til staðfestrar samvistar og að nefnd sú er skipuð hafi verið til þess skili álit hið fyrsta. Á Kirkjuþingi 1996 var samþykkt tillaga um að athugaðir yrðu möguleikar á því að kirkjan mótaði atferli við bæn og blessun staðfestrar samvistar. Á Prestastefnu í Akureyrarkirkju 1997 var ritgerðin „Trú, kynhneigð og náungi minn“ eftir séra Ólaf Odd Jónsson lögð fram til umfjöllunar. Samþykkti Prestastefna að kalla eftir áframhaldandi guðfræðivinnu um málið og að haldið yrði áfram fræðslu um málefni samkynhneigðra á vettvangi kirkjunnar „til að eyða fordómum, ranghugmyndum og fælni og til að efla skilning á samkynhneigð í samræmi við fyrri ályktanir Prestastefnu og samþykktir Kirkjuþings og leikmannastefnu.“ Kirkjuþing 1997 samþykkti að unnið skyldi markvisst að fræðslumálum um málefni samkynhneigðra og biskup Íslands samdi blessunarrítúal um staðfesta samvist árið 1998. Prestastefnan í Nesirkirkju 2005 beindi því til biskups “að hann feli ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni að bregðast við óskinni um að þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra para með hliðstæðum hætti og þegar um karl og konu er að ræða.” Á Prestastefnunni í Keflavík 2006 voru drög að ályktun kenningarnefndar um staðfesta samvist og tillögur helgisíðanefndar um blessun staðfestrar samvistar, lögð fram til umræðu. Um veturinn 2006-2007 var álit kenningarnefndar og blessunarforminu dreift til safnaða til kynningar. Prestastefna á Húsavík 2007 féllst síðan á álit kenningarnefndar í meginatriðum og samþykkti blessunarform helgisíðanefndarinnar. Kirkjuþing 2007 lýsti yfir stuðningi við að prestar staðfestu samvist ef Alþingi gæfi til þess leyfi. Lögunum um staðfesta samvist var breytt 2008 og prestum og forstöðumönnum trúfélaga sem þess óskuðu leyft að staðfesta samvist að lögum.

Í samhljóðan við samþykkt Prestastefnu 1997 hafa fræðimenn á sviði guðfræði lagt sitt að mörkum við að efla guðfræðilega umræðu um kynhneigð og hjúskap. Tvö tölublöð Kirkjuritsins hafa fjallað um kynhneigð, hjónaband og kirkju, 1998 og 2005 og vinnuhópur fékk styrk úr Kristnihátíðarsjóði til að útbúa fræðsluefni um samkynhneigð og trú. Guðfræðistofnun, Prestafélag Íslands, prófastdæmi, söfnuðir og prestar hafa staðið fyrir málþingum um efnið. Biskup Íslands skipaði starfshóp um málefni samkynhneigðra 2004. Hópurinn beitti sér fyrir opnun kynningarvefs um samkynhneigð og kirkju sem hýstur er af kirkjunni. Vefurinn “Samkynhneigð og kirkja“ var opnaður 2005 og geymir m.a. upplýsingar um guðfræðileg álitamál og fræðigreinar um hjónabandsskilning, siðfræði og biblíutúlkun. Cand.theol. ritgerð séra Guðmundar Arnar Jónssonar “Hvar erum við nú stödd: umræðan um hjónaband samkynhneigðra í kristnu samhengi við upphaf nýrrar aldar” var rituð 2005, dr. Kristinn Ólason og dr. Clarence Glad fluttu allnokkur erindi um Biblíuna og samkynhneigð á málþingum 2006, séra Bjarni Karlsson skrifaði meistaraprófsritgerðina “Gæði náinna tengsla: leit að viðunandi lágmarksgildum fyrir

kristna kynlífssiðfræði“ árið 2007 og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands gaf út bókina “Ást, kynlíf og hjónaband” árið 2008.

Flutningsmenn tillögu þessarar hafa rætt við alþingismenn úr öllum flokkum um frumvarpið og fundað með forsvarsmönnum Samtakanna 78 og Samtökum foreldra og aðstandenda samkynhneigðra (FAS). Ríkisstjórn Íslands einsetti sér í stjórn málasáttmála 10. maí 2009 að vinna að setningu einna hjúskaparlaga á kjörtímabilinu. Málið nýtur stuðnings þingmanna úr öllum flokkum og flokkar í stjórnarandstöðu hafa líka lýst stuðningi við málið í flokkssamþykktum. Það er því traustur þingmeirihluti fyrir einum hjúskaparlögum á Alþingi. Með frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist (ein hjúskaparlög) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 138. lögjafarþingi vill þingið leggja áherslu á jafnan rétt einstaklinga til að ganga í hjónaband óháð kyni eða kynhneigð og vísar til sambærilegrar einföldunar á hjúskaparlögum í Hollandi, Belgíu, Spáni, Kanada, Noregi og í Svíþjóð. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lögin taki gildi 27. júní næstkomandi og eftir það gefist trúfélögum kostur á að vígslumenn þeirra taki að sér að vígja samkynhneigð pör í hjónaband. Gert er ráð í frumvarpinu fyrir að ákvæðið um kirkjulega vígslumenn verði valkvætt eins og í núverandi lögum um staðfesta samvist.

Samkvæmt 20. grein laganna um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 þurfa „samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarisakramenti ... að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.“ Sænska kirkjan hefur þegar samþykkt að gefa samkynhneigð pör saman í hjónaband. Við teljum mikilvægt að þjóðkirkjan fylgi því fordæmi, hafi áfram vígsluvald og stuðli þannig að áframhaldandi samfylgd kirkju og þjóðar í hjúskaparmálum. Við teljum að á grundvelli þeirrar vönduðu guðfræðiumræðu sem farið hefur fram í þjóðkirkjunni um kirkju, kynhneigð og hjónaband á undanförunum fjórtán árum sé ekkert því til fyrirstöðu að vígslumönnum verði heimilað að gefa samkynhneigð pör í hjónaband og að þjóðkirkjan feti þannig í fótspor systurkirkna sinna.

1. Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson, sóknarprestur, Setbergsprestakalli
2. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prófastur, Bolungarvíkurprestakalli
3. Sr. Arna Grétarsdóttir, sérþjónustuprestur, Noregi
4. Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor, Háskóla Íslands
5. Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir, emerita, Kópavogi
6. Sr. Auður Inga Einarsdóttir, sérþjónustuprestur, heimilisprestur á Grund
7. Sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur, Suðurprófastdæmi
8. Sr. Ágúst Einarsson, sérþjónustuprestur, Svíþjóð
9. Sr. Ása Björk Ólafsdóttir, Reykjavík
10. Sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir, sóknarprestur, Bíldudal
11. Sr. Baldur Kristjánsson, sóknarprestur, Þorlákshafnarprestakalli
12. Sr. Birgir Ásgeirsson, prestur, Hallgrímsprestakalli
13. Sr. Bjarni Karlsson, sóknarprestur, Laugarnesprestakalli
14. Sr. Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur, Laufásprestakalli
15. Sr. Bragi Jóhann Ingibergsson, sóknarprestur Víðistaðaprestakalli
16. Sr. Bragi Skúlason, sérþjónustuprestur Landspítala- Háskólasjúkrahúsi
17. Bryndís Valbjarnardóttir, guðfræðingur og útfararstjóri, Reykjavík
18. Sr. Carlos Ari Ferrer, kennari, Reykjavík

19. Sr. Cecil Haraldsson, sóknarprestur Seyðisfjarðarprestakalli
20. Sr. Dalla Þórðardóttir, sóknarprestur, Miklabæjarprestakalli
21. Sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur, Reykhólaprestakalli
22. Sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur, Grindavíkurprestakalli
23. Sr. Erla Guðmundsdóttir, prestur, Keflavíkurprestakalli
24. Sr. Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur, Oddaprestakalli
25. Sr. Guðmundur Örn Jónsson, prestur, Vestmannaeyjaprestakalli
26. Sr. Guðný Hallgrímsdóttir, sérþjónustuprestur, prestur fatlaðra
27. Sr. Guðrún Karlsdóttir, prestur, Grafarvogsprestakalli
28. Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur Kjalarnesprófastdæmi
29. Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, sérþjónustuprestur, Landspítala-Háskólasjúkrahúsi
30. Gunnbjörg Óladóttir guðfræðingur og doktorsnemi, Reykjavík
31. Sr. Gylfi Jónsson, héraðsprestur Þingeyjarprófastdæmi
32. Sr. Hans Guðberg Alfreðsson, prestur Garðaprestakalli
33. Sr. Halldór Reynisson, fræðslustjóri, Biskupsstofu
34. Dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor, Háskóla Íslands
35. Sr. Hildur Eir Bolladóttir, prestur, Laugarnesprestakalli
36. Dr. Hjalti Hugason, prófessor, Háskóla Íslands
37. Sr. Hólmgrímur E. Bragason, héraðsprestur, Austfjarðaprófastdæmi
38. Sr. Ingileif Malmberg, sérþjónustuprestur Landspítala- Háskólasjúkrahúsi
39. Sr. Íris Kristjánsdóttir, sóknarprestur, Hjallaprestakalli
40. Jóhanna Magnúsdóttir guðfræðingur og aðstoðarskólastjóri við Menntaskólann Hraðbraut
41. Sr. Jóhanna Sigmarsdóttir, prófastur, Eiðaprestakalli
42. Sr. Jón Ásgeir Sigurvinsson, guðfræðingur og doktorsnemi, Borgarnesi
43. Sr. Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur, Langholtsprestakalli
44. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur Garðaprestakalli
45. Sr. Jóna Lís Þorsteinsdóttir, emerita, Akureyri
46. Sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir, skólaprestur og framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar.
47. Karítas Kristjánsdóttir guðfræðingur, Kirkjubæjarklaustri
48. Sr. Karl Valgarður Matthíasson, vímuvarnaprestur, Reykjavík
49. Sr. Kjartan Örn Sigurbjörnsson, sérþjónustuprestur Landspítala-Háskólasjúkrahúsi
50. Sr. Kristinn Jens Sigurþórsson, sóknarprestur, Saurbæjarprestakalli
51. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur Kjalarnesprófastdæmi
52. Sr. Lára G. Oddsdóttir, sóknarprestur, Valþjófsstaðarprestakalli
53. Sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur Grafarvogsprestakalli
54. Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur, Ísafjarðarprestakalli
55. Ninna Sif Svavarsdóttir guðfræðingur og doktorsnemi, Hveragerði
56. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, prestur Selfossprestakalli
57. Sr. Pálmi Matthíasson, sóknarprestur, Bústaðaprestakalli
58. Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, prestur, Grensásprestakalli
59. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, sóknarprestur Mosfellsprestakalli
60. Sr. Sigfinnur Þorleifsson, sérþjónustuprestur Landspítala- Háskólasjúkrahúsi
61. Sr. Sigfús Kristjánsson, prestur, Hjallaprestakalli
62. Dr. Sigríður Guðmarsdóttir, sóknarprestur, Grafarholtsprestakalli
63. Sr. Sigríður Gunnarsdóttir, sóknarprestur, Sauðárkróksprestakalli
64. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir, sóknarprestur Ólafsfjarðarprestakalli

65. Sr. Sigríður Óladóttir, sóknarprestur, Hólmavíkurprestakalli
66. Sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur, Árbæjarprestakalli
67. Sr. Sigurður Jónsson, sóknarprestur, Ásprestakalli
68. Dr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur Nesprestakalli
69. Sr. Sigurður Grétar Helgason, sóknarprestur, Seltjarnarnesprestakalli
70. Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir, sóknarprestur, Djúpavogsprestakalli
71. Sr. Sjöfn Mueller Þór, sóknarprestur, Reykhólalprestakalli
72. Sr. Skúli Sigurður Ólafsson, sóknarprestur, Keflavíkurprestakalli
73. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, sóknarprestur, Möðruvallaprestakalli
74. Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent, Háskóla Íslands
75. Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, bóndi, Reykjahverfi, Þing.
76. Sr. Svanhildur Blöndal, sérþjónustuprestur, prestur á Hrafnistu í Reykjavík og á Vífilstöðum
77. Sr. Svavar Alfreð Jónsson, sóknarprestur, Akureyrarprestakalli
78. Sveinbjörg Pálsdóttir guðfræðingur og stjórnsýsluráðgjafi, Hafnarfirði
79. Sr. Tómas Sveinsson, sóknarprestur Háteigsprestakalli
80. Sr. Toshiki Toma, sérþjónustuprestur, prestur innflytjenda
81. Sr. Ursula Árnadóttir, sóknarprestur, Skagastrandarprestakalli
82. Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sérþjónustuprestur Landspítala-Háskólasjúkrahúsi
83. Sr. Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur, Grafarvogsprestakalli
84. Sr. Yrsa Þórðardóttir, prestur, Digranesprestakalli
85. Sr. Þorgeir Arason, héraðsprestur, Múlaprófastdæmi
86. Sr. Þór Hauksson, sóknarprestur, Árbæjarprestakalli
87. Sr. Þórhallur Heimisson, sóknarprestur, Hafnarfjarðarprestakalli
88. Sr. Þórir Stephensen, emeritus, Reykjavík
89. Ævar Kjartansson, guðfræðingur og dagskrárgerðarmaður, Reykjavík
90. Sr. Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur, Nesprestakalli